

## **Sþ.** 128. Tillaga til þingsályktunar

um nýjar heyþurrkunaraðferðir.

Flm.: Hermann Jónasson, Pétur Ottesen, Haraldur Guðmundsson,  
Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera tilraunir um vélþurrkun á heyi og heimilar henni nauðsynlegar fjárgreiðslur úr ríkissjóði til þessara framkvæmda.

### Greinargerð.

Það er kunnara en svo, að um þurfi að ræða, hve heyþurrkun er mikill þáttur í heyöflun landsmanna. Heyþurrkunin veldur oft úrslitum um það, hvort heyfengur sumarsins verður viðunandi eða lítill og lélegur.

Það hefur lengi verið áhugamál bænda, að reynt yrði að finna öruggari aðferðir við heyþurrkun en þær, sem hér hafa tíðkast til þessa og allar eru háðar veðurfari, sem hér á landi er mjög ótryggt. Þörfin fyrir nýjar heyþurrkunaraðferðir er því óvíða eða hvergi meira knýjandi en hér á landi.

Nú er það kunnugt, að erlendis, meðal annars í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, hafa á síðustu árum verið gerðar margháttaðar tilraunir um vélþurrkun á heyi, og af ýmsum er talið, að tekizt hafi að finna viðunandi lausn á þessu máli, aðferð, sem er nægilega stórvirk og þó fremur ódýr. — Það vill nú einmitt svo vel til, að ungur íslenzkur vélfræðingur er um þessar mundir fyrir vestan haf og hefur meðal annars kynnt sér þar rækilega nýjustu vinnuaðferðir við vélþurrkun á heyi. Þessi vélfræðingur kemur til landsins mjög bráðlega, og væri því æskilegt, að verkfæranefnd ríkisins gæti, í samstarfi við hann og aðra sérfróða menn, er vól kann að vera á, hafizt handa þegar á sunri komanda um prófun hinna nýju heyþurrkunaraðferða á íslenzku heyi. Það má húast við, að nokkuð annað muni henta um þurrkun þess en hinna stórgerðu grastegunda, sem ræktaðar eru erlendis og hinar nýjustu heyþurrkunaraðferðir eru ef til vill að verulegu leyli við miðaðar.

Benda má á, að sennilega væri heppilegt, að þessar tilraunir yrðu gerðar við eitthvert ríkisbúanna, þar sem kostur er á nægu rafmagni.